

Breiðagerðisskóli
2009 – 2010



5.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árgangnum	3
Nestis og matarmál nemenda	4
Námsmat.....	4
Heimanám	5
Starfið í árganginum.....	5
Íslenska.....	7
Stærðfræði	14
Samfélagsfræði.....	17
Náttúrufræði og umhverfismennt.....	20
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafraði	22
Lífsleikni	26
Upplýsinga og tæknimennt.....	28
Myndmennt	32
Textílmennt	34
Hönnun og smíði	36
Tónmennt.....	38
Heimilisfræði.....	40
Sund.....	42
Skólaíþróttir.....	44
Sérkennsla	46

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 5. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

Kennarar í árganginum

Auður Huld Kristjánsdóttir	umsjónarkennari, íslenska, lífsleikni, tölvur, samfélagsgreinar.
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	umsjónarkennari, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði.
Guðbjörg Garðarsdóttir	bókasafn
Rannveig A. Guðmundsdóttir	enska
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Guðmundur Jörundsson	sund
Hildur Björnsdóttir	textílmennt
Kristín Einarsdóttir	myndmennt
Sigurður Reynir Ragnhildarson	íþróttir
Sigrún Erla Hákonardóttir	tónmennt
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræði

Samstarf við foreldra um félagslíf í árgangnum

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum

verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur bekkjarskemmtunum að frumkvæði bekkjarfulltrúa, á fyrri hluta haust- og vorannar. Foreldrar hafa komið að jólaskemmtunum með því að leggja til veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis og matarmál nemenda

Í Aðalanámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls. 16 segir m.a. um menntun „Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur“.

Við skipulag og matseðlagerð í Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnestinu. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringaríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti, grænmeti eða brauð með góðu áleggi í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu þegar við gerum okkur dagamun og þá með leyfi kennara.

Á hverjum föstudegi er ávaxta- og grænmetishlaðborð í 5. bekk. Nemendur setja ávextina og grænmetið í stórar skálar og svo gæða nemendur sér á þessu í nestistímanum. Mjög skemmtileg hefð sem stuðlar að bættu matarræði.

Námsmat

Námsmat í 5.-7. Bekk skiptist í leiðsaganmat og lokamat.

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list- og verkgreinum á miðstigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri. Sjálfsmatið er sett í vinnubækur eða verkefni sem eru unnar út frá ákveðnum markmiðum. Nemendur gefa sér fyrir bókina áður en þeir skila kennara.

Lokamatið er gefið í tölum. Nemendur fá tvær tölur, annars vegar námseinkunn sem fengin er út úr lokaprófum, könnunum yfir tímabilið, ritgerðum, vinnubókarprófum og öðrum stærri verkefnum. Hins vegar er vinnueinkunn sem fengin er fyrir ástundun í tímum, þátttöku í umræðum, vinnubækur, skil á heimanámi og þátttöku í hópverkefnum ofl. Í list- og verkgreinum er unnið út frá matskvarða þar sem markmiðin eru útfærð.

Heimanám

Nemendur í 5. bekk skrá hjá sér heimanám í skólalagabók. Heimavinna í íslensku og stærðfræði fer heim á föstudögum og nemendur eiga að skila því á miðvikudögum. Einnig eru lesgreinar svo sem samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni í heimanámi en þó ekki reglulega.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Hver kennari hefur umsjón með ákveðnum nemendum og sér um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra. Stundataflan er brotin upp a.m.k. tvisvar að vetri og nemendur vinna þá að stærri heildstæðum verkefnum. Í hverri viku er útikennsla. Markmiðið með henni er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra og þjálfa nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að mismunandi verkefnum. Síðasta föstudag í hverjum mánuði eru öðruvísi dagar með ýmsum skemmtilegum uppákomum en þó skal taka fram að hefðbundin kennsla er þessa daga.

Kennarar í 4.-7.bekk halda áfram í þróunarverkefni í samvinnu við Háskólann á Akureyri sem ber heitið „Orð af orði“. Þetta verkefni gengur út á að auka lesskilning nemenda og efla orðaforða þeirra. Áfram verður unnið með

hugtakaort, orð dagsins og orðhluta vinnu. Yndislestur verður á hverjum degi, en þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 20 mín. Í vetur verður aðaláherslan í verkefninu á gagnvirkan lestur. Gagnvirkur lestur byggir á að nemendur beini huganum markvisst að efni textans, velti fyrir sér skilningi á efninu í heild og spá fyrir um framhald textans miðað við það sem á undan er komið. Gagnvirkur lestur er í byrjun félagslegt ferli og er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri aðila. Nemendur skiptast á að vera stjórnendur, draga saman aðalatriði textans, spyrja spurninga, velta upp erfiðum orðum og spá fyrir um framhaldið. Þegar nemendur hafa náð tókum á aðferðinni geta þeir beitt henni einir og nýtist aðferðin þeim í öllu námi. Í byrjun september verður lagt fyrir lesskilningspróf. Í september er lagt fyrir nemendur lesskilningspróf og sama prófið verður síðan lagt aftur fyrir nemendur í desember og maí til þess að fá sem gleggsta mynd af árangri nemenda.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki hæfni sína til tjáskipta þannig að nemendur geti betur tjáð skoðanir sínar og hugmyndir
- geti talað skýrt mál frammi fyrir öðrum
- geti hlustað á aðra
- geti tjáð sig fyrir framan aðra
- geti rökstutt mál sitt
- geti sagt reynslusögur

Efnisþættir

Lestur á bundnu og óbundnu máli, hlustun á upplestur nemenda og kennara og af bandi, umræður, upplestur, söngur.

Leiðir að markmiðum

Talað mál, hlustun og ritun tengjast saman. Nemendur eru þjálfaðir í að semja eigin texta, koma fram fyrir bekkjarfélaga og lesa upp úr eigin verkum þar sem áhersla verður lögð á hrynjanda og tilfinningu í töluðu jafnt sem rituðu máli.

Nemendur eru þjálfaðir í því að sýna þeim sem talar virðingu með því að hafa kyrrð og næði. Nemendur eru hvattir til að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Lögð er áhersla á að nemendur

séu að hlusta af athygli þegar kennari gefur þeim fyrirmæli um verkefni eða kemur til þeirra mikilvægum skilaboðum .

Námsgögn

Dagblöð, sjónvarp, útvarp þar sem lögð er áhersla á málefni líðandi stundar.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað og er það samofið öllu náminu. Tilgangurinn með því er að örva og hvetja nemendur við námið. Framfarir eru metnar og nemendur látnir vita um þær jafnt og þétt.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki rithæfni sína þannig að nemendur geti tjáð hugsanir og skoðanir sínar í rituðu máli
- geti samið eigin texta með upphafi, meginmáli og lokaorðum
- geti dregið saman aðalatriði úr texta
- geti samið eigin ljóð
- geti endurritað texta eftir upplestri
- þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum
- þekki reglur um stóran og lítinn staf
- þekki reglur um ng og nk
- þekki reglur um n/nn í enda orðs
- geri greinarmun á einföldum og tvöföldum samhljóða
- þekki reglur um y,ý og ey
- þekki reglur um hv/kv
- þekki reglur um greinarmerkin

- hafi náð tökum á tengiskrift og öðlast færni í að nota hana
- hafi náð tökum á góðum skriftarhraða
- hafi náð tökum á réttu pennagripi

Efnispættir

Tengiskrift, stafsetningaæfingar, sögugerð, uppsetning texta.

Leiðir að markmiðum

Talað mál, hlustun og ritun tengjast saman. Nemendur eru þjálfaðir í að semja eigin texta, koma fram fyrir bekkjarfélagi og lesa upp úr eigin verkum þar sem áhersla verður lögð á hrynjanda og tilfinningu í töluðu jafnt sem rituðu máli. Unnið verður með orðaforða, þá fá nemendur ákveðin orð til að vinna með og eiga að byggja nýjan texta í kringum þau orð þannig úr verði merkingabær texti. Nemendur verða þjálfaðir í að virða skoðanir annarra og fá sjálfir að ljúka máli sínu. Nemendur vinna valin verkefni í tímum sem þjálfar stafsetningareglur einstaklingslega sem og í litlum hópum. Einnig verða sett upp hugtakakort með ákveðnum stafsetningareglum. Nemendur skrifa í æfingabók í skrift í tímum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér rétt pennagrip, sýni vandvirkni og snyrtilegan frágang í öllum námsgreinum.

Námsgögn

Mál til komið, Stafsetning, Rétritunarorðabók ásamt ítarefni frá kennara. Skrift 5, ásamt skriftarrenningum.

Námsmat

Leiðsagnarmat er jafnt og þétt yfir veturinn og er notað til að örva og hvetja nemendur við námið. Það er gert með viðtölum við nemendur og sjálfsmati.

Með sjálfsmati meta nemendur verkefni út frá ákveðnum markmiðum.

Lokamat, þá fá nemendur tvær einkunnir, vinnueinkunn og námseinkunn.

Vinnueinkunnin byggir á vinnu nemenda í tímum, virkni og ástundun ,mati á vinnubók og heimavinnu.

Námseinkunn byggir á könnunum sem tekin eru tvisvar á skólárinu.

Málvísi

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki þekkingu sína á íslensku málkerfi.
- þekki sérnöfn og samnöfn
- þekki stafrófið og geti notað við orðabókavinnu.
- þekki nafnorð og einnkenni þeirra
- þekki eintölu og fleirtölu
- þekki kyn orða og greini
- þekki samsett orð
- geti fallbeygt

Efnisþættir

Stafrófið, nafnorð, sérnöfn, samnöfn, kyn, tala og fall, samsetning orða.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna valin verkefni í tímum einstaklingslega sem og í litlum hópum. Unnið er með orð á fjölbreyttan hátt. Nemendur fá orðhluta og setningar sem þau eiga að setja upp í nýjan texta eða orð. Hugtakakort verða sett upp með ákveðnum málfræðireglum. Einnig verður unnið að heildstæðu þemaverkefnum samþætt öðrum námsgreinum. Áhersla er einnig lögð á leik og tjáningu í kennslustundum svo sem spurningakeppni, orðaleikir o.fl.

Námsgögn

Málrækt I, Skinna, Mál til komið, ítarefni samið af kennara og af Veraldarvefnum, kennsluforrit.

Námsmat

Leiðsagnamat er samofið námi nemenda og er tilgangur þess að örva nemendur og hvetja. Það er gert með viðræðum við nemendur um vinnu þeirra og ástundun ásamt sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir veturinn og mun nemendur þá meta verkefni sín út frá fyrirfram gefnum markmiðum.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggist á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunn byggir á könnunum yfir tímabilið og prófi í janúar og maí.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- auki orðaforða sinn og hugtakaskilning
- auki lesskilning sinn
- lesi bækur sér til skemmtunar
- lesi eða hlusti á nokkur ævintýri, þjóðsögur, goðsögur, dæmisögur, skopsögur og þekki mismunandi form og uppbyggingu sögu
- noti bækur til að afla sér upplýsinga vegna verkefna
- þekki valin ljóð og höfunda þeirra
- læri valin ljóð utanbókar
- þekki rím og ljóðstafi

Efnisþættir

Upplstur, hljóðlestur, yndislestur, upplýsingaöflun, umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur eru hvattir til frjálslestrar daglega og einnig eru lesnir valdir bókmenntatextar og ljóð og nemendur vinna eftir aðferðum gagnvirks lesturs. Þegar nemendur hafa náð tókum á gagnvirkum lestri þá verður þeim skipt í hópa. Hver hópur hittist 2 í hverri viku og les í samlestrarbók, þau skiptast á að stjórna lestri og þjálfast þannig í að nota aðferðina. Allir nemendur fara á bókasafn skólans þar sem nemendur kynnst því sem er á boðstólnum og eflast í lestri bæði til stuðnings námi og til skemmtunar. Nemendur kynnst einnig flokkunarkerfi skólasafnsins og læra að leita sér upplýsinga. Lesturinn tengist öðrum námsgreinum svo sem bókmenntum, sögu og öðrum lesgreinum. Valdar sögur lesnar heima og í skóla. Verkefni sem tengjast þeim unnin í tíma. Nemendur vinna bæði einir sér og í smærri hópum að þessum verkefnum. Áhersla er lögð á umræður tengdar námsefninu, svo sem hugtakaskilning, byggingu sögu og skilgreiningar á mismunandi formi sögugerðar. Ljóð eru lesin heima sem og í kennslustundum, skáld kynnt og verkefni um þau unnin í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Nemendur spreyta sig á ljóðagerð, læra utanbókar vísur, syngja saman og flytja í samsöng.

Námsgögn

Ýmsar bækur af bókasafni, hluti nemenda fær æfingabók í lestri. Ljóðspor, ljóðavinnuhefti af Skólavef, Blákápa og Völusteinn.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið námi nemenda og er tilgangur þess að örva nemendur og hvetja. Það er gert með viðræðum við nemendur um vinnu þeirra og ástundun

ásamt sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir veturinn og mun nemendur þá meta verkefni sín út frá fyrirfram gefnum markmiðum.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggist á virkni í tímum, vinnubók og heimavinnu. Námseinkunn byggir á könnunum yfir tímabilið og prófi í janúar og maí.

Heimanám í íslensku

Nemendur skrá heimavinnu sína í skóladagbók. Allir nemendur eiga að lesa daglega heima í frjálislestrarbókum. Ýmis verkefni eru unnin heima í málfræði, stafsetningu, ritun, bókmenntum og skrift.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- nái góðu valdi á undirstöðuatríðum stærðfræðinnar og treysti á getu sína fyrir frekara stærðfræðinám
- geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu
- öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og kynnist skemmtigildi hennar
- verði sjálfstæðir, skipulagðir og vandvirkir í vinnubrögðum
- temji sér að spyrja spurninga um verkefnin til að öðlast betri skilning
- fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar
- geti tengt stærðfræði við daglegt líf
- geti lesið úr töflum, rómverskar tölur og mælingar í tíma og rúmi.
- nái tókum á: samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu, röð reikniaðgerða, almennum brotum og námundun
- kynnist neikvæðum tölum
- spreyti sig á þrautum og orðadæmum
- geti notað vasareikni
- nái tókum á lestri og skráningu tugabrota, almennra brota, prósentu og hlutfalla
- geti raðað almennum, tugabrotum og prósentum eftir stærð og samhengi
- nái tókum á eftirfarandi þáttum í rúmfræði : ummáli, flatarmáli, hornamælingum, tví- og þrívíðum formum
- vinni með gagnasöfn og þekki meðaltal, miðgildi og líkur.

Efnisþættir

Mælingar, margföldun og deiling, rúmfræði og þrívídd, flatarmál, reikniaðgerðir, almenn brot, tugabrot, prósentur, hnitakerfi, mynstur og algebra, þrautir, háar tölur og líkindi.

Leiðir að markmiðum

Kennsla fer fram með innlögn og samantekt. Nemendur fá góðan tíma til úrvinnslu, einir eða með öðrum. Mikill hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu nemenda þ.e. að þeir tileinki sér hjálpargögn við hæfi hverju sinni. Farið verður í ýmsa leiki sem tengjast efnisþáttum stærðfræðinnar þannig að nemendur upplifi skemmtigildi stærðfræðinnar. Einnig er mikið lagt upp úr umræðum í tímum og að nemendur tjái sig um stærðfræðina.

Námsgögn

Geisli 1-A og 1-B. Ítarefni útbúið af kennara eftir því sem þörf er á. Önnur námsgögn: Tölvuvinna (forrit, stærðfræðivefir) og þrautir.

Námsmat

Leiðsagnarmat er gefið jafnt og þétt yfir námstímamann og er það gert til að örva og hvetja nemendur. Það er gert með viðræður við nemendur um námið og ástundun og virkni í tímum ásamt sjálfsmati nemenda. Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir.

Leiðsagnarmat eru munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir. Verkefnin eru hvort tveggja einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum. Námseinkun, sem byggir á tveimur könnunum sem lagðar verða fyrir á fyrri önn og miðsvetrarpróf í janúar.

Vinnueinkun, sem byggir á virkni, áhuga, framförum og heimavinnu. Einnig er

metin vinnubók þar sem nemendur hafa unnið verkefnið í. Þar er mikilvægt að nemendur vandi vinnubrögð. Sama fyrirkomulag verður á vorönn.

Heimanám

Nemendur vinna ýmis verkefni útbúin af kennara. Nemendur skrá heimavinnu sína í skóladagbók.

Samfélagsfræði

Íslandssaga

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist skilning á sögu þjóðarinnar og gildi hennar fyrir líf okkar í dag
- þekki ýmsa þætti víkingatímans
- kunna sögur af landnámi Íslands
- fái nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám
- geti sett sig inn í líf og kjör einstaklingsins á tímabilinu

Efnisþættir

Landnám Íslands, siglingar, trúarbrögð og daglegt líf landnámsmanna.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á umræðum og verkefnavinnu í tímum. Þemaverkefni verður unnið þar sem nemendur munu vinna í litlum hópum og taka fyrir ákveðin verkefni. Vettvangsferðir verða farnar í tengslum við námsefnið. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs.

Námsgögn

Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna og Veraldarvefurinn.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið öllu námi og er það notað til að örva og virkja nemendur við námið. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og sjálfsmati . Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir skólaárið og meta nemendur þá vinnubækur sínar eða verkefni út frá markmiðum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn byggist á vinnubók, virkni og ástundun í tímum .

Námseinkunn byggist á þremur áfangaprófum og þemaverkefni.

Heimanám

Nemendur lesa heima og vinna verkefni þegar við á.

Landafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á eigin landi umhverfi og samfélagi
- þekki hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður
- skilji landfræðileg hugtök
- þjálfist í að nota kort og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
- þekki höfuðáttirnar fjórar

Efnisþættir

Mótun lands, eldur í jörðu, landakort, hringrás vatns, vatn og hiti í jörðu. Helstu firðir, flóar, eyjar, þéttbýlisstaðir, stærstu vötn, ár og jöklar.

Leiðir að markmiðum

Kennslan byggist á umræðum og verkefnavinnu í tímum. Nemendur vinna einnig heildstætt verkefni samþætt öðrum námsgreinum. Sú vinna fer fram í litlum hópum þar sem hver hópur tekur fyrir ákveðin efnisþátt. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs.

Námsgögn

Ísland-veröld til að njóta, Land og líf, Landshorna á milli, kortabók, Íslandskort og myndbönd sem tengjast efninu.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið öllu námi og er það notað til að örva og virkja nemendur við námið. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og sjálfsmati . Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir skólaárið og meta nemendur þá vinnubækur sínar út frá markmiðum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn byggist á mati á vinnubók, virkni og ástundun í tímum .

Námseinkunn byggist á þremur áfangaprófum og þemaverkefni.

Heimanám

Nemendur lesa heima og vinna verkefni þegar við á.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Markmið í náttúrufræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki orðaforða sinn og skilning á hugtökum í náttúrufræði
- þekki og skilji nokkrar grunvallarkenningar í eðlis-, efna- og líffræði og áhrif þeirra fræða á lífshætti okkar
- þroski með sér virðingu fyrir lífi, náttúru og umhverfi
- geti tekið á viðfangsefnum námsins með skipulegum hætti hvort heldur er í hópstarfi eða einir sér

Efnispættir

Úr lífvísindum

- Fæðukeðja, fæðuvefur, gróður og fuglar í vallendi og votlendi, ljóstillífur, tré og runnar, jurtir í kjarr- og skóglendi, fuglar í mómum, melum og söndum, gróður til fjalla og við strendur landsins.

Úr eðlisvísindum

- Ljós, ljósspeglun, ljósbrot, gegnsæi efna, linsur, stækkunargler, áttaviti, stöðurafmagn og segulrafmagn, rafnotkun, rofar, straumrásir, einfaldar straumrásir, rafleiðni, raftæki og orkuþörf tækja.

Úr jarðvísindum

- Sól og ýmsar myndir tunglsins, sjávarföll, breytilegt veðurfar á jörðinni, staðbundið veðurfar, eldvirkni og hræringar, aldur jarðlaga, þróun lands, steingervingar, myndun Surtseyjar, jarðsaga

Leiðir að markmiðum

Áhersla er lögð á umræður, verkefnavinnu og tilraunir. Nemendur vinna bæði einir sér og í hópavinnu. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs. Vettvangsferðir verða farnar. Við kennsluna verða myndbönd tengd efninu notuð. Áhersla verður lögð á að nemendur nýti sér fjölbreytt úrval bóka og gagna á bókasafni skólans.

Námsgögn

Land og líf, Lífríkið á landi, Auðvitað I og ýmis myndbönd tengd námsefninu.

Námsmat

Leiðsagnarmat er gefið jafnt og þétt yfir námstímann og er það gert til að örva og hvetja nemendur. Það er gert með viðræður við nemendur um námið og ástundun og virkni í tímum ásamt sjálfsmati nemenda. Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir.

Leiðsagnarmat eru munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir. Verkefnin eru hvort tveggja einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum.

Námseinkun byggir á fjórum prófum sem lögð verða fyrir yfir skólaárið.

Vinnueinkun byggir á virkni, áhuga, framförum og vinnubók sem í eru skýrslur og önnur verkefni.

Heimanám

Nemendur lesa heima og vinna verkefni þegar við á.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri um siðferðileg viðfangsefni og gildi þeirra í daglegu lífi
- þekki kristna trú og meginboðskap hennar
- kynnist mismunandi trúarlegum gildum

Efnisþættir

Upphaf Ísraelsþjóðar, brottför úr Egyptalandi til landnáms í Kanaanlandi.

Gamli sáttmálinn og boðorðin tíu. Aðventa og jólahald. Líf og starf Jesú.

Leiðir að markmiðum

Samlestur og umræður í tíma. Nemendur vinna í vinnubókum. Einnig verður unnið með aðferðir gagnvirks lesturs.

Námsgögn

Brauð lífsins ásamt vinnubók.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið öllu náminu og er tilgangurinn að virkja og örva nemendur við námið. Það fer fram í viðtölum við nemendur um námið og með sjálfsmati nemenda. Þá meta nemendur sjálfir vinnubók sína út frá markmiðunum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum, námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunnin byggir á virkni í tímum, heimavinnu og vinnubók.

Námseinkunnin byggir á áfangaprófum .

Heimanám

Ekki er um reglubundið heimanám að ræða. Nemendur fá send heim verkefni þegar það á við.

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- ná í að skilja einfalt mál og geti nýtt sér það í samræðum
- geti lesið auðveldan texta á ensku
- geti skrifað einfaldar setningar

Efnisþættir

Nemandinn sjálfur, að heilsast, kveðjast, vikudagar, mánuðir, árstíðir, veður, matur, dýr, tilfinningar, áhugamál, klukkan, tölur, landaheiti, stafrófið, líkamsheiti, föt, litir, heimili og fjölskyldan.

Leiðir að markmiðum

Áhersla er lögð á að þjálfa nemendur í hlustun, lestri, ritun og töluðu máli.

Mikið er lagt upp úr umræðum samhliða hlustun og söng, texti lesinn og verkefni í vinnubók unnin samhliða texta. Ýmis ítarefni eru unnin í stílabók, orðalistar, tölur, stuttar smásögur, stílar, krossgátur ofl.

Námsgögn

Lestrarbókin Spek out og vinnubókin Work out ásamt öðru ítarefni af Veraldarvefnum.

Námsmat

Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir við að meta nám.

Leiðsagnarmat verður notað til að virkja nemendur og örva við námið. Það er gert í viðtölum við nemendur og með sjálfsmati sem lagt er fyrir nemendur nokkrum sinnum ári. Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum , námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunnin byggir á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunnin byggir á könnunum yfir tímabilið og lokaprófi í lok hvorrar annar.

Heimanám

Ekki verður um reglubundið heimanám að ræða. Nemendur fá send verkefni heim þegar það á við.

Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfri samskiptafærni sína og efli sjálfsmynd
- vinni með tilfinningar og fordóma
- geti unnið með öðrum
- geti sett sig í spor annarra

Efnisþættir

Tilfinningar, samvinna, að geta sett sig í spor annara, virðing, stríðni, samskipti, reglur, ábyrgur lífsstíll og lífsgildi.

Leiðir að markmiðum

Mikil áhersla á umræður í tímum um líðan og ágreiningsmál sem koma upp milli nemenda. Nemendur vinna einnig verkefni um daglegt líf og umræður um það.

Námsgögn

Ég er bara ég, Ég er það sem ég vel og ýmislegt annað ítarefni af Veraldarvefnum.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem byggist á virkni, vinnubrögðum, frágangi og hegðun.

Nemendur fá umsögn í viðtali.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér notkun tölvu og upplýsingatækni í daglegu lífi
- læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu
- geti beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á
- geti geymt eigin upplýsingar með skipulögðum hætti
- læri að vista skjöl, ná í skjöl og prenta þau út
- læri að nota geisladrif og geisladiska
- geti skrifað texta í ritvinnslu og skeytt myndum inn í textann

Efnisþættir

Þjálfun fingrasetningar, Word ritvinnsla, PowerPoint, publisher, Internetið, ýmis kennsluforrit og leikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur fá eina kennslustund í tölvuveri á viku auk þess hafa þau aðgang að tölvum í kennslustofum. Áhersla verður lögð á að hver og einn nemandi vinni á sínum hraða miðað við eigin getu.

Námsgögn

Ritþjálfari – verkefni fyrir þjálfun á lyklaborði tölvu og Skólavefurinn.

Námsmat

Leiðsagnamat er samofið öllu námi og er tilgangur þess að örva og hvetja nemendur við námið. Það er gert með viðtölum við nemendur og sjálfsmati.

Lokamat er gefið í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggir á virkni í tímum, uppsetningu verkefna og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námseinkunn byggist á lokaverkefni þar sem metið er hvaða markmiðum nemendur hafa náð.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Upplýsingalæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti leitað að gögnum, fræðsluefni sem öðru efni eftir flokkunarkerfi safnsins
- geti leitað í helstu handbókum; alfræðiorðabókum og orðabókum
- geti fundið lykilorð í texta
- læri að skipuleggja heimildavinnu; það felur í sér að nemandi geti
- aflað heimilda, mótað spurningar út frá efni, flokkað, greint og varðveitt heimildir á skipulegan máta, skilgreint hvaða upplýsinga er þörf og skráð heimildir
- séu hvattir til lesturs

Efnisþættir

Safngögn, flokkunarkerfi, leitir, lykilorð, heimildir, upplýsingar, lestur, alfræðiorðabækur, fræðibækur, lestur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og síðan er unnið út frá því. Upplestur og frjálssir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur.

Námsgögn

Stuðst verður m.a. við bækurnar *Í leik á skólasafni* höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir og *Í skólasafninu 3*, höf. Jónína Friðfinnsdóttir. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni og m.a. er leitað fanga á netinu.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Menningarlæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- komi reglulega á safnið og kynnist því sem þar er á boðstólnum
- eflist í lestri og kynnist skólasafninu bæði til stuðnings í námi og til skemmtunar.
- kynnist áfram helstu barna- og unglingsbókahöfundum íslenskum sem erlendum.

- kynnist m.a. greinum á sviði lista, vísinda, tækni og verkgreina í gegnum miðla skólasafnsins

Efnisþættir

Barna- og unglíngabókmenntir, höfundar, stuðningur,lestur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Uppléstur og frjálssir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni og er m.a. leitað fanga á netinu.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð og lýst eigin reynslu, skoðunum og umhverfi á myndrænan hátt með fjölbreyttum aðferðum
- þekki grunnhugtök sem tengjast myndlist.
- þekki tengsl Listasögunnar og verkefna sem unnið er með
- upplifi myndlist sem jákvæðan og skemmtilegan þátt í tilverunni með eigin vinnu, þannig að sjálfsmynd þeirra styrkist
- vandi vinnubrögð, frágang og ljúki verkefnum.
- sýni góða hegðun, framkomu og samvinnu.
- gangi vel um efni, áhöld og húsgögn í skólastofunni.

Efnisþættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og Listasaga, áherslan eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum. Í nokkrum verkefnum koma fleiri en einn þáttur við sögu og kallast það blönduð tækni.

Leiðir að markmiðum

Við upphaf hvers verkefnis í myndmenntakennslunni skipar innlöggin mikilvægan sess, henni er síðan fylgt eftir með viðeigandi myndefni sem getur ýmist verið úr bókum, veggspjöldum, mynddiskum eða spólum. Hlustun á

sögur, ævintýri, ljóð og tónlist styðja við innlögn í mörgum verkefnum .

Umræður um það sem hlustað er á og það sem fyrir augu ber. Vettvangsferðir eru farnar til þess að skoða og athuga hluti og aðstæður í umhverfinu og taka myndir til þess að vinna með. Heimsóknir á sýningar og söfn þegar því verður við komið. Nemendur vinna saman í hópum eða einstaklingslega. Þátttaka í þemavinnu í árgöngum, námshópum og minni hópum.

Námsmat

Leiðbeinandi námsmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

Textílmenn

Markmið í textílmenn er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- læri að efla verklag, sköpunargleði og frumkvæði
- læri góða umgengni um stofu efni og áhöld
- læri helstu hugtök og heiti textílmennar
- læri algeng vinnubrögð í mismunandi efni
- læri undirstöðuatriði í meðferð saumavéla
- læri að sauma beinan saum og zikk zakk í saumavél
- læri að fitja upp, þrjóna og fella af
- læri að vinna myndverk í efni eftir eigin teikningu

Efnisþættir

Nemendur rifja upp það sem þeir hafa áður lært í þrjónaskap.

Nemendur þrjóna verkefni að eigin vali.

Nemendur rifja upp kynni sín af saumavélinni og sauma

Vélsaumsæfingar frá Námsgagnastofnun.

Nemendur sauma beinan saum og zikk zakk

Nemendur sauma t.d. íþróttapoka og skreyta hann.

Leiðir að markmiðum

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Í tengslum við **þróunarverkefnið Orð af orði:**

vinnum við jafnt og þétt með orð og hugtök sem notuð eru í textílmenn.

Nemendur safna orðum á veggspjöld og merkja áhöld og efni með skiltum. Nemendur vinna með orð á töflu með aðstoð kennara.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að getu hvers og eins.

Áhersla lögð á að nemandi hafi gott vald á vélsaumi.

Áhersla lögð á að nemandi nái góðum tókum á garðaprjóni og geti fitjað upp og fellt af.

Hópkenntla þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem fer fram samhliða náminu og byggist á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list og verkmennta: Tilgangurinn með því er að hvetja og örva nemendur við námið.

frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna.

Lokamat er gefið að vori í tveimur tölum, námseinkunn og vinnueinkunn .

Námseinkunn er byggð á færni nemandans, frumkvæði, sköpun , vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn sem byggir á áhuga, tillitssemi, samvinnu og kurteisi.

Heimanám

Ekkert.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)
Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í
vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í notkun á helstu hugtökum og heitum tengd greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- þjálfist í sjálfsmati
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu
- tileinki sér kurteisi, góð samskipti og hjálpsemi

Efnisþættir

Sjálfstæð vinnubrögð, hönnun, hugmynda- og raunstærðarteikningar, sniðagerð, lóðning, smíði á nytjahlut út frá eigin hönnun, hönnun og smíði á hlut sem nýtir einfalda, lágspennta rafrás með 1 rofa.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Í tengslum við þróunarverkefnið „Orð af orði“ verður aukin áhersla lögð á orða- og hugtakainnlögn. Nemendur gera

vinnuskýrslu í tengslum við eitt verkefni. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð.

Námsgögn

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori Það er gefið í tveimur tölum. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

Heimanám

Ekkert.

Tónmennt

Markmið í tónmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- njóti þess að skapa tónlist og hlusta á hana
- læri íslensk þjóðlög og ýmis sönglög
- syngi hreint og með skýrum framburði
- dýpki tónlistarskynjun með hreyfingu og taktæfingum við hlustun
- fræðist um grundvallaratriði í tónfræði og læri um tiltekin tónskáld
- öðlist vald á að leika á skólahljóðfæri, skipulega og í frjálsri sköpun
- hlusti markvisst á tónlist og læri að greina eftir heyrn hljóðfæri og efnisþætti tónlistar
- taki þátt í einstaklings- og hópvinnu við margskonar tónlistarflutning

Efnisatriði

Söngur, markviss hlustun, hreyfing, leikur á hljóðfæri skólastofunnar, vinna í vinnubók og kennslubók.

Leiðir að markmiðum

Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik

Einstaklingsvinna í vinnubók í tónmennt við skrifleg verkefni og hlustun

Námsgögn

Vinnubækur, kennslubækur og söngbækur samkvæmt árgangi, ýmiskonar viðbótarkennsluefni og hlustunarefni, skólahljóðfæri
Nemendur fá eina kennslustund í viku auk morgunsöngs hálfsmánaðarlega

Námsmat:

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágang, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang.

Heimanám

Ekki heimanám

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki heiti næringarefnanna
- viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur og lífshættir hafa áhrif á heilsuna
- þjálfist í að vinna eftir skriflegum uppskriftum og noti hráefni úr öllum fæðuflokkum
- hafi þjálfast í einföldum matreiðslu- og bakstursaðferðum
- geti vegið og mælt af nákvæmni
- þekki helstu umhverfismerki
- geri sér grein fyrir helstu slysaþættum í eldhúsin (eldavél, heitt vatn, áhöld og tæki, hættuleg efni)
- þjálfist í að leggja fallega á borð og tileinka sér góða borðsiði
- tileinki sér hreinlæti við heimilisstörfin og temji sér að halda hreinu vinnusvæði sínu og þeim áhöldum sem notuð eru
- geti unnið með jákvæðu hugarfari með öðrum, sýnt tillitssemi og farið eftir reglum kennslueldhússins

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, hreinlæti við eldhússtörfin og meðhöndlun matvæla, frágangur, mál og vog, notkun uppskrifta og borðsiðir, umhverfismerki, slysaþætta, tillitssemi, jákvæðni og reglufesta.

Leiðir að markmiðum

Innlögn verkefnis. Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Nemendur vinna saman 3 – 4 að verklegum verkefnum. Skrifleg verkefni eru einstaklingsverkefni. Lögð er áhersla á hollt fæði, bæði í skóla og heima. Búnar eru til léttar máltíðir og brauð bakað. Nemendur framreiða matinn, leggja á borð og ganga frá eftir matinn. Í hverjum hópi er einn verkstjóri. Hlutverk verkstjórans er að sjá til þess að allir í hópnum séu virkir þátttakendur. Nemendur skiptast á að vera verkstjórar. Markmið verkstjórahlutverksins er að efla sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð nemenda. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði er áhersla aukin á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu.

Námsgögn

Gott og gagnlegt heimilisfræði fyrir 5. bekk. Gott og gagnlegt, vinnubók. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

Námsmat:

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágang, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang.

Heimanám

Ekkert.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti synt 75 m bringusund, án hvíldar
- geti synt 25 m skólabaksund
- geti synt 25 m skriðsund með sundfitjum
- geti synt 12 m baksund
- geti stungið sér af bakka
- geti kafað eftir hlut á 1 – 2m dýpi eftir 5 metra sund
- geti troðið marvaða í 20 – 30 sekúndur
- geti synt 10 m flugsundsátök með eða án hjálpartækja
- geti synt í fötum (1 kennslustund)

Leiðir að markmiðum

Að nemendur þjálfí með sér jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Þjálfist í æfingum og leikjum í vatni sem auka vellíðan og styrkja samskipti. Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum s.s. stöðvaþjálfun og fl. Læri að þekkja helstu öryggisatriði og samskiptareglur sundstaða. Þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. hópleikjum, boltaleikjum og boðsundsleikjum.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori í tveimur tölum námseinkunn og vinnueinkunn
Vinnueinkunn er byggð á ástundun framkomu og virkni í tímum. Námseinkunn
byggir á mati hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins.

Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)
Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í
vetur.

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Námsgögn

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

Námsmat

Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Leiðasagnarmat er samofið kennlsunni og er geta nemenda metin jafnóðum Tilgangurinn er að hvetja og örva nemendur.

Lokamat er gefið á vorin og byggir á stuttum æfingum og prófum þar sem geta nemenda er metin auk þess sem framkoma, dugnaður, vinnusemi færni og framfarir eru metnar.

Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna. Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra.

Þar er boðið upp á:

- sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá
- kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar
- félagsfærniþjálfun
- kennslu í íslensku fyrir nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún hefur viðveru á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir og hefur hún umsjón með námsveri og sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Ennfremur leggur deildarstjóri fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málþroska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar óski þeir eftir því.

Eftirfarandi próf eru lögð fyrir nemendur í 5. bekk:

- hraðlestrarpróf á haust- og vorönn
- lesskilningspróf á haust- og vorönn
- GRP – 10 sem er greinandi próf í lestri og stafsetningu lagt fyrir einstaka nemendur.